

**Samningur um yfirfærslu allra eigna, réttinda og skuldbindinga
Hitaveitu Rangæinga
til
Orkuveitu Reykjavíkur**

Við undirritaðir aðilar, Hitaveita Rangæinga, kt. 450382-0199, Eyjasandi 9, 850 Hellu (framseljandi) og Orkuveita Reykjavíkur, kt. 551298-3029, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík (framsalshafi) gerum með okkur svohljóðandi

s a m n i n g

Aðilar samningsins hafa komið sér saman um að Orkuveita Reykjavíkur taki við öllum eignum, réttindum, skuldbindingum og kvóðum vegna Hitaveitu Rangæinga, og að því loknu mun Hitaveita Rangæinga verða lögð niður.

Í viðauka við samning þennan má sjá sameiginlegan efnahagsreikning 1. janúar 2007 sem byggir annars vegar á efnahagsreikningi Orkuveitu Reykjavíkur og hins vegar á efnahagsreikningi Hitaveitu Rangæinga í árslok 2006. Þar kemur fram að bókfært verð eigna framseljanda er kr. 768.563.801 og heildarskuldir eru kr. 590.397.121. Allar eignir og skuldir framseljanda yfirfærast á bókfærðu verði pr. 31.12.2006. Verður því hvorki til hagnaður né tap við yfirfærsluna hjá framseljanda.


Framseljandi er dótturfélag framsalshafa. Framsalshafi er sameignarfyriretæki sem starfar á grundvelli laga nr. 139/2001.

Tilkynning um efni samningsins og ósk um afskráningu félagsins verður send til Fyrirtækjaskrár.


Ofangreindu til staðfestu rita aðilar nöfn sín hér að neðan eigin hendi í votta viðurvist.

Reykjavík 15. mars 2007


f.h. Hitaveitu Rangæinga




f.h. Orkuveitu Reykjavíkur



Vottar að rétttri undirskrift og dagsetningu


Nafn/kennitala
0303513719


Nafn/kennitala
180648-437